



Alþingi  
Eriundi nr. P 139/424  
komudagur 25.11.2010

25. nóvember 2010  
Sí-67429

Nefndasvið Alþingis  
nefnasvid@althingi.is  
Efnahags- og skattanefnd  
Austurstræti 8 – 10  
150 Reykjavík

*Efni:* Frumvarp til laga um breytingu á lögum um vexti og verðtryggingu

Í tölvuskeyti dagsettu 18. nóvember óskaði Efnahags- og skattanefnd Alþingis eftir umsögn Seðlabanka Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu. Umsögn bankans er skipulögð þannig að eftir almennum inngangskafli er fjallað í kafla II um dóma Hæstaréttar Íslands og hvort eða með hvaða hætti fyrrnefndar lagabreytingar gætu haft áhrif á uppgjör annarra lánasamninga en þeirra sem þegar hefur verið dæmt um. Í kafla III er fjallað um markmið lagasetningar um vexti og verðtryggingu til framtíðar og hvernig tillögur frumvarpsins samrýmast slíkum markmiðum. Í kafla IV eru niðurstöður dregnar saman.

### **I. Inngangur**

Í athugasemdum með frumvarpinu kemur fram að tilefni þess séu dómur Hæstaréttar Íslands frá 16. júní 2010 í málum nr. 92/2010<sup>1</sup> og 153/2010 og dómur Hæstaréttar frá 16. september 2010 í máli nr. 471/2010 og að markmið þess sé að „draga úr þeirri óvissu sem ríkir um uppgjör á lánum sem hafa að geyma óskuldbindandi ákvæði um gengistryggingu.“ Auk þess segir að lögð séu til grundvallar þau sanngirnirök að sambærileg mál fái sambærilega niðurstöðu og að tryggja réttaröryggi við uppgjör lána með óskuldbindandi gengisviðmiðun.

Af framangreindum orsökum er talið nauðsynlegt að settar verði nánari reglur í 18. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 um það hvernig haga skuli uppgjóri vegna ógildra samningsákvæða um vexti og verðtryggingu. Þá eru lögð til bráðabirgðaákvæði til að bregðast við því ástandi sem blasir við. Meginefni frumvarpsins felst í eftirfarandi almennum ákvæðum:

<sup>1</sup> Í greinargerð með frumvarpinu hefur númer Hæstaréttardómsins misritast, rétta númer hans er Hrd. 92/2010.

- a) Aðilum í atvinnurekstri verður heimilað að taka gengistryggð lán, sbr. tillögu til breytingar á 14. gr. laganna. Jafnframt er skilgreint frekar hvað felist í gengistryggingu lánessamnings.
- b) Tekin eru af tvímæli um að ef samið hefur verið um ólögmæta vexti eða verðtryggingu skuli hvort tveggja koma til endurskoðunar í samræmi við 4. gr. laganna.
- c) Sett er sérregla um að ef lánessamningur er til lengri tíma en 5 ára og skuldbindingin uppfylli ákvæði B liðar 68. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003 (vaxtabætur), svo sem kaup á íbúðarhúsnæði til eigin nota þá skal að loknu uppgjöri vegna fortíðar skv. 5. mgr. (með óverðtryggðum vöxtum) miða við lægstu vexti á nýjum almennum verðtryggðum útlánnum samkvæmt 2. málslíð. 4. gr. laga um vexti og verðtryggingu. Regla þessi er þó frávíkjanleg.
- d) Heimilt verður án álags eða vanefndaafleiðinga að greiða upp skuld samkvæmt lánessamningi með ólögmætum vaxta- eða verðtryggingarákvæðum.
- e) Í 5. mgr. 2. gr. (18. gr.) er sett fram uppgjörsregla sem á við ef skuldari hefur greitt af skuld með ólögmætum vaxta- og verðtryggingarákvæðum. Gert er ráð fyrir því að allar greiðslur gangi inn á vexti og höfuðstól skuldarinnar og ekki verði heimilað að reikna neina dráttarvexti eða önnur vanskilaálög af slíkum kröfum við uppgjör.
- f) Sett er sérstök regla í 7. mgr. 18. gr. sem varðar uppgjör lánessamninga þar sem fleiri en einn skuldari hefur verið að láni með ólögmætum vaxta- og verðtryggingarákvæðum. Er miðað við það að sá skuldari sem orðið hefur fyrir tjóni fái það bætt beint úr hendi viðkomandi lánveitanda. Með þeim hætti er hagur fyrri skuldara tryggður eftir því sem unnt er.
- g) Kveðið er á um að ábyrgðarmenn eigi rétt til uppgjörs hafi þeir greitt kröfur með ólögmætum vaxta- og verðtryggingarákvæðum. Kröfur ábyrgðarmanna ganga fyrir öðrum kröfum.
- h) Lögð er til regla um úrlausn ágreiningsmála, ef áhöld eru um hver eigi rétt til endurgreiðslu eða uppgjörs.

Þá er að finna í frumvarpinu eftirfarandi ákvæði til bráðabirgða:

- a) Kveðið er á um að um húsnæðislán til neytenda sem uppfylla skilyrði B liðar 68. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, (vaxtabætur) og svokölluð bílalan gildi sérstök regla sem felur það í sér, að öll slík lán sem hafa að geyma gengistryggingu verði talin falla í sama flokk óhád því hvernig gengið hefur verið frá skjölum eða millifærslum fjármuna í hverju tilviki.

- b) Settur er tímafrestur vegna uppgjöra og útreiknings á íbúða- og bílalanum einstaklinga sem hafa að geyma ólögmæt vaxta- og verðtryggingarákvæði.
- c) Lögð er til sérstök tímabundin heimild fyrir alla aðila að samningum með ólögmæt vaxta- og verðtryggingarákvæði að breyta slíkum samningum í gild gjaldeyrislán. Fellur þá um leið niður réttur til sérstakra leiðréttinga.
- d) Gert er ráð fyrir því að vikið verði frá almennum tímafrestum til endurupptöku dómsmála að því er varðar svonefnd gengistryggingarmál o.fl.

Seðlabankinn tekur undir að mikilvægt sé að eyða sem fyrst óvissu um áhrif dóms Hæstaréttar á skuldastöðu heimila og fyrirtækja og efnahagsreikning fjármálafyrirtækja. Ekki verður annað séð en að frumvarpið muni stuðla að því að nokkru leyti, nái það fram að ganga. Vaxtaviðmið í samningum sem innihalda ólögmæta gengistryggingu hafa verið skýrð. Hvað varðar umfangið þá á það einkum við um uppgjör á ólögmætum lánum til einstaklinga. Hitt orkar fremur tvímælis hvort lagasetningin muni hafa einhver áhrif á uppgjör á lánum til fyrirtækja sem gætu innihaldið óskuldbindandi gengistryggingu.

Auk þess að draga úr óvissu vegna uppgjöra lánasamninga sem kunna að innihalda ólögmæt gengistryggingarákvæði, skv. dómi Hæstaréttar, telur Seðlabankinn að nauðsynlegt sé að huga betur að markmiðum þeirrar löggjafar sem skapa mun umgjörð um starfsemi fjármálafyrirtækja til lengri tíma lítið. Rétt er að skoða þau mál í víðara samhengi í ljósi þess hvernig eftirliti með fjármálakerfinu verður háttað í framtíðinni. Í því sambandi þarf að taka afstöðu til tveggja spurninga: Í fyrsta lagi má spyrja hvort einhver efnahagsleg rök séu fyrir því að gera greinarmun á gengisbundnum lánum, sem eru ólögmæt miðað við gildandi lög skv. dómi Hæstaréttar, og lánum í erlendum gjaldeyri, sem eru lögleg. Í öðru lagi þarf að taka afstöðu til þess hvernig heppilegast sé að stemma stigu við óhæfilegri gjaldeyrisáhættu á meðal lántaka, sem gæti leitt til óstöðugleika í fjármálakerfinu og jafnvel útgjalda fyrir ríkissjóð.

## **II. Dómar Hæstaréttar og áhrif lagabreytinga á uppgjör lána sem reynst gætu ólögmæt**

Verði frumvarpið samþykkt mun það leiða til þess að lánasamningar fjölda einstaklinga sem óvíst er hvort að innihaldi óskuldbindandi gengistryggingarákvæði verða gerðir upp eins og svo væri. Þess er hvergi getið í frumvarpinu að nýjum lögum sé ætlað að hafa afturvirk áhrif, en því er heldur ekki hafnað með óbyggjandi hætti, þótt minnst sé á það í greinargerð. Því kemur til álita hvort lagabreytingunni sé aðeins

ætlað að hafa áhrif á lögmæti gengistryggðra lána lögaðila til framtíðar eða hvort tilgangur frumvarpsins sé að einhverju leyti að hafa afturvirk áhrif á uppgjör lána sem hugsanlega yrðu dæmd ólögleg þar sem þau teldust falla undir fordæmi Hæstaréttar. Þar sem efni frumvarpsins er að vissu leyti óljóst varðandi afturvirkni, sbr. orðalag 5. mgr. 2. gr. frumvarpsins og nýs bráðabirgðaákvæðis X, yrði að skoða slíkar leiðir afar gaumgæfilega og af varfærni.

Áhrif þeirrar breytingar á lögum um vexti og verðtryggingu sem lögð er til í frumvarpinu á stöðu fjármálafyrirtækja ráðast af því hvort þau munu leiða til þeirrar niðurstöðu að allir einstaklingar fái sambærilega meðferð, eins og að er stefnt, en fyrirtækin í samræmi við mismunandi forsendur um áhrifasvið dóma Hæstaréttar. Frá því að dómur Hæstaréttar féll um vaxtaviðmiðun við uppgjör lánasamninga sem dæmdir hafa verið ólögmætir hefur legið ljóst fyrir að þótt fjármálakerfið yrði fyrir töluverðu áfalli ef nánast öll gengistryggð lán yrðu dæmd ólögmæt, þá yrðu þau áhrif innan viðráðanlegra marka. Virði lánasafnsins mun þó rýrna nokkuð meira en ella að því gefnu að nokkur hluti lána til einstaklinga yrði dæmdur lögmætur ef á reyndi.

Hugsanlegt er að niðurstaða dómsmála leiði til umtalsverðra afskrifta hjá fyrirtækjum sem enga þörf hafa fyrir slíkt, enda hafa þau lán að líkindum verðið keypt af gömlu bönkunum án verulegs afsláttar. Vissulega væri æskilegt að forðast slíka niðurstöðu ef hægt væri, en ekki verður séð að lagabreyting geti komið í veg fyrir þau réttaráhrif og breytir frumvarpið, sem fyrr segir, að öllum líkindum engu um þá niðurstöðu.

Meginávinningur lagasetningarinnar er að eyða óvissu varðandi uppgjör lánasamninga einstaklinga með óskuldbindandi gengistryggingarákvæði. Staða fyrirtækja og einstaklinga með rekstur á eigin kennitölu yrði hins vegar eftir sem áður óbreytt, að því er best verður séð og réttur þeirra til málshöfðunar yrði ekki skertur. Ólíklegt er að frumvarpið muni hafa þar teljandi áhrif. Því er sem fyrr mikilvægt að ágreiningsmálum verði hraðað í gengum dómskerfið til að eyða þeirri óvissu.

### **III. Frumvarpið í ljósi hugsanlegra markmiða löggjafar um vexti og verðtryggingu**

Þótt frumvarpið miði einkum að því að draga úr óvissu um uppgjör lána sem kunna að innihalda ólögmæt gengistryggingarákvæði, þá má líta svo á að breytingin á 14. grein laganna, þar sem lögaðilum er heimilað að gera gengistryggða lánasamninga og slíkir lánasamningar skilgreindir, horfi til framtíðar. Breytingin á 14. grein felur í sér að enginn greinarmunur er gerður á formi lánveitingar, þ.e.a.s. hvort lán er gengistryggt skv. þeirri skilgreiningu sem sett er fram eða í erlendum gjaldeyri, hvað lögaðila áhrærir. Sama skilgreining á þó væntanlega við hvort heldur rætt er um lögaðila eða einstaklinga. Því

væri eðlilegt að hún kæmi fram áður en fjallað er um heimildir ólíkra hópa til þess að taka gengistryggð lán. Ef lögaðilum verður hvort eð er heimilað að taka gengistryggð lán virðast engin sérstök rök kalla á að hugtakið gengistryggt lán sé skilgreint fyrir lögaðila sérstaklega.

Að sett sé fram skýr skilgreining á því hvað teljist gengistryggt lán er æskilegt, en fyrst og fremst nauðsynlegt ef gera á greinarmun á milli gengistryggðra lána annars vegar og gjaldeyrislána hins vegar. Álykta má á grundvelli þeirrar þröngu skilgreiningar sem sett er fram í 1. grein frumvarpsins að öll lán sem ekki uppfylla eitt þeirra skilyrða sem sett eru fram í skilgreiningunni teljist gjaldeyrislán. E.t.v. er þó rökréttara að draga mörkin á milli gjaldeyrislána og gengistryggðra lána þannig að öll lán sem hafi þá eiginleika að höfuðstóll og afborganir lánasamnings séu í krónum en taki breytingu að hluta eða að öllu leyti í samræmi við gengi erlendra gjaldmiðla gagnvart krónu teljist gengistryggt, óháð því hvort útborgun eða greiðsla vaxta og afborgana fari fram í krónum eða erlendum gjaldmiðli. Að öðrum kosti sé um gjaldeyrislán að ræða. Til að taka af öll tvímæli væri til bóta að skilgreina einnig hugtakið gjaldeyrislán þannig að það taki yfir mismunandi form, t.d. óháð því hvort greiðsla lánsins fer fram með greiðslu erlends gjaldeyris inn á gjaldeyrisreikning eða í krónum samkvæmt gengi hvers tíma.

Sé það vilji stjórnvalda að banna tiltekin form lánasamninga fer betur á því að gera það með þeim hætti að tiltekið sé hvað sé bannað fremur en hvað sé leyft og treysta því að aðilar málsins gagnálykti um að það sem ekki er leyft hljóti að vera bannað. Mikilvægt er að huga að þessu þegar löginn verða endurskoðuð til frambúðar.

Fyrir því að heimila fyrirtækjum að taka gengistryggð lán en ekki aðeins gjaldeyrislán eru góð og gild rök. Tekjur fyrirtækja eru oft í nokkrum gjaldmiðlum. Í því tilfalli geta fyrirtæki dregið úr gjaldeyrisáhættu af lánasamningum með því að taka lán í sömu gjaldmiðlum og tekjur þeirra eru í. Hagræði er fólgið í því að geta náð fram slíkri dreifingu með einum lánasamningi fremur mörgum, eða flóknum afleiðusamningum. Einfaldast er að gera slíkan lánasamning með þeim hætti að höfuðstóll sé í einum gjaldmiðli, þ.e.a.s. krónum, en hann taki breytingu samkvæmt vegnu meðaltali gengisbreytinga þeirra gjaldmiðla sem í hlut eiga. Svo framarlega sem lánasamningurinn er skýr hafa fyrirtæki því hagsmuni af því að gengistrygging sé heimil.

Frá sjónarhóli fjármálastöðugleika verður ekki séð að máli skipti hvort gengistryggð lán eru heimil eða bönnuð ef gjaldeyrislán eru heimil. Hvort tveggja, gengistryggð lán og gjaldeyrislán, fela í sér að lántaki getur ýmist varist gjaldeyrisáhættu eða tekið á sig gjaldeyrisáhættu. Ef gengistryggð lán eru bönnuð en gjaldeyrislán leyfð myndi það líklega aðeins leiða til þess að einstaklingar og fyrirtæki sem eiga kost á því að taka lán í erlendum gjaldeyri gera það í stað þess að taka

gengistryggt lán. Því gæti fylgt örlítið meiri fyrirhöfn og kostnaður fyrir lántakandann, en að öllum líkindum óverulegur.

Þá má spyrja hvort ekki sé eðlilegt að heimila einstaklingum að taka einnig gengistryggð lán ef ekki stendur til að leggja bann við því að einstaklingar taki gjaldeyrislán. Ekki verður séð að augljós rök mæli gegn því. Ef heimilum er á annað borð heimilt að taka gjaldeyrislán gæti gjaldeyrisáhætta einstaklinga jafnvel orðið meiri ef það leiðir til þess að þeir taka lán í einum gjaldmiðli fremur en körfu gjaldmiðla. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir því að einstaklingum og fjármálafyrirtækjum verði heimilað að breyta ólögðum gengistryggðum lánnum í lögleg gjaldeyrislán. Standi ekki til að afnema heimildir einstaklinga til að taka lán í erlendum gjaldeyri virðist með ofangreindum rökum eins koma til greina að gera gengistryggð lán lögleg til framtíðar og heimila þannig einstaklingum sem það vilja að semja við lánveitanda um að lánasamningurinn standi óbreyttur, nema einhver rök séu fyrir því að banna gengistryggð lán en leyfa gjaldeyrislán sem hér hafa ekki verið tíunduð.

Í eldri lögum var krafa um tengsl á milli erlendra lántöku og veitingu gengistryggðra lána, en svo var ekki í lögnum frá 2001. Í greinargerð með frumvarpinu frá 2001 er ekki að finna rök fyrir því að gera gengistryggð lán ólögleg. Hugsanlegt mætti rökstyðja greinarmun á gengistryggðum lánnum og gjaldeyrislánnum með því að ekki sé æskilegt að auðvelda fjármálafyrirtækjum um of að skekkja gjaldeyrisstöðu sína. Því getur Seðlabankinn hins vegar stýrt með reglum um gjaldeyrisjöfnuð.

Þótt ljóst sé að frumvarpinu sé fyrst og fremst ætlað að taka á bráðavanda vegna óvissu um meðferð lána sem dómstólar hafa úrskurðað að innihaldi óskuldbindandi gengistryggingarákvæði er eðlilegt að taka lögum um vexti og verðtryggingu til gagn Gerrar endurskoðunar með sjónarmið fjármálastöðugleika að leiðarljósi. Leggja þarf mat á kosti og galla tveggja leiða til þess að draga úr gjaldeyrisáhættu í fjármálakerfinu: Að beita lögum um vexti og verðtryggingu, t.d. með reglum um verð- og gengistryggingu lána sem kunna að vera ólík eftir því hvort um einstaklinga eða lögaðila er að ræða, eða með þjóðhagsvarúðarreglum (e. macro prudential regulation) fyrir lánakerfið í heild.

Almennt má segja að það dragi úr áhættu ef lánveitingar eru í sama gjaldmiðli og tekjur einstaklings eða fyrirtækis. Færa má þau rök fyrir ólíkum reglum um lánveitingu til einstaklinga og fyrirtækja að almennt hafa einstaklingar ekki tekjur í erlendum gjaldmiðlum og ætti því ekki að vera heimilt að taka lán í erlendum gjaldeyri eða gjaldmiðlalán. Breytileiki í tekjum fyrirtækja er meiri. Á móti má benda á að sum heimili eru með tekjur í erlendum gjaldmiðli eða eiga eignir á móti skuldum í erlendum gjaldmiðli eða tengdum honum og ætti því hið sama að gilda um þau og fyrirtæki sem afla tekna í erlendum gjaldeyri.

Almennt er þó æskilegt að hafa reglur einfaldar, skýrar og án undantekninga, sem eru flóknaar í framkvæmd og eftirliti. Að banna einstaklingum að taka gjaldeyrislán eða gengistryggð lán kann því að vera einfaldasta leiðin til þess að draga úr gjaldeyrisáhættu í kerfinu. Bann gæti þó leitt til þess að einstaklingar sem kjósa að taka slík lán stofni til einkahlutfélaga í því skyni að taka gjaldeyrislán. Því er ekki víst að lög sem banna einstaklingum að taka gjaldeyrislán eða gengistryggð lán yrðu fyllilega skilvirk svo lengi sem lögaðilum er það heimilt.

Ofangreind sjónarmið vekja þá spurningu hvort heppilegra sé að beita þjóðhagsvarúðarreglum í því skyni að draga úr hvata til óhóflegrar gjaldeyrisáhættu. Slíkum reglum er líka fljótlegra að breyta ef aðstæður breytast. T.d. mætti gera sérstakar kröfur um eiginfjárhluftfall á móti útlánnum til aðila sem taka á sig gjaldeyrisáhættu og hægt væri að gefa eftirlitsaðilum heimild til þess að setja strangari reglur um hámarksveðsetningu eigna ef um gjaldeyrislán eða gengistryggt lán er að ræða. Reglurnar er þá hægt að herða ef aðstæður verða háskalegri, t.d. þegar merki eru um bólu á eignamörkuðum. Þegar lög um Seðlabanka Íslands verða tekin til endurskoðunar er eðlilegt að taka til skoðunar hvort best sé að ná markmiðum um fjármálastöðugleika með því að auka heimildir bankans og Fjármálaeftirlitsins til þess að setja slíkar varúðarreglur sem takmarka gjaldeyrisáhættu.

Auk sjónarmiða fjármálastöðugleika kemur til álita hvort bann við því að veita einstaklingum lán í erlendum gjaldeyri eða gengistryggð lán myndi stuðla að virkari miðlun peningastefnu. Ef skuldir í erlendum gjaldeyri eða tengdar gengi erlendra gjaldmiðla eru miklar kunna áhrif gengisbreytinga krónunnar að leggjast á sveif með hagsveiflunni og á móti áhrifum vaxtabreytinga Seðlabankans. Því eru ákveðin rök fyrir því að auka mætti virkni peningastefnunnar með því að draga úr útbreiðslu erlendra eða gengistryggðra lána til aðila sem ekki hafa tekjur eða eignir í erlendum gjaldmiðlum. Álitamál er eftir sem áður, með sömu rökum og reifuð voru hér að framan, hvort því markmiði verði ekki náð á skilvirkari hátt með því að beita þjóðhagsvarúðarreglum.

#### IV Önnur atriði

Auk þess sem þegar er komið fram gerir Seðlabankinn eftirfarandi athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins:

1. Næst síðasti málsliður 5. mgr. 2. gr. er óskýr en hann kveður á um að við endurgreiðslur til lögaðila sé kröfuhafa heimilt að taka tillit til allra lánsviðskipta þeirra í milli og draga frá ávinning sem lögaðili kann að hafa haft vegna ólögmetra vaxta og verðtryggingarákvæða. Sé ætlunin að mæla fyrir um víðtækari rétt kröfuhafa til skuldajafnaðar en meginreglur kröfuréttarins kveða á um þarf það að koma skýrar fram. Jafnframt er óljóst, í

- skilgreiningunni á ávinningi, hvort átt sé við vexti samkvæmt 1. másl. 4. gr. vaxtalaga (óverðtryggt) eða 2. másl. 4. gr. (verðtryggt).
2. Í 9. mgr. 2. gr. frumvarpsins er fjallað um uppgjör vegna fjárskuldbindinga sem kröfuhafi hefur þegar fengið fullnustu á. Í 2. másl. málsgreinarinnar er fjallað um *veðeiganda* en hefðbundnara er að vísa til *veðsala* í þessu samhengi í íslensku lagamáli.
  3. Verði frumvarpið að lögum verður ný 18. gr. vaxtalaganna að teljast afar löng, ekki einasta að málsgreinum heldur einnig að efni, svo að fallið sé til óskýrleika. Því mætti vel skoða það að kljúfa greinina upp í styttri greinar.
  4. Í 3. gr. frumvarpsins er fjallað um bráðabirgðaákvæði a.-f. (X. – XV). Í bráðabirgðaákvæði a. (X) og b. (XI) eru settir fram tilteknir tímafrestir, sem lánveitendur eiga að hafa til uppgjöra og úrvinnslu gengistryggðra lána. Í bráðabirgðaákvæðin vantar hins vegar umfjöllun um það hvað skuli gerast séu tímafrestir ekki virtir. Jafnframt er tekið fram að lánveitanda beri að endurgreiða skuldara óski hann þess.
  5. Í 5. gr. frumvarpsins er lagt til að inn komi ný grein, 10. gr. a., um úrskurðarnefnd um niðurfærslu skulda fyrirtækis. Í 1. mgr. greinarinnar segir að komi til ágreinings *milli kröfuhafa* um niðurfærslu skulda fyrirtækis við sértæka skuldaaðlögun þá skuli heimilt að skjóta ágreiningnum til úrskurðarnefndar. Af ákvæðinu er ekki ljóst hver hafi heimild til að skjóta máli til nefndarinnar, þ.e. hvort það séu bæði skuldari og kröfuhafi eða einungis kröfuhafi eins og orðalag ákvæðisins gefur til kynna. Er enda hætt við því að hagsmunir skuldara verði fyrir borð bornir, deili kröfuhafar dægrin löng um niðurfærsluna án þess að skjóta málinu til úrskurðar. Algengt er að kveða á um það í lögum hvar slíkur málskotsréttur og færi vel á því hér einnig.
  6. Þá er jafnframt fjallað í 5. gr. um innheimtu gjalds með málskoti til úrskurðarnefndarinnar og að nefndin kveði á um fjárhæð og skiptingu gjaldsins í úrskurðarorðum sínum. Í næst síðustu málsgreininni mætti hins vegar koma fram til hægðarauka að gjaldið sé aðfararhæft.
  7. Í greinargerðinni með frumvarpinu er að finna fullyrðingu sem erfitt er að átta sig á, en í kafla um helstu atriði frumvarpsins kemur fram í e-lið, varðandi uppgjörsreglur, að ekki verði heimilað að reikna dráttarvexti á oftekna greiðslu sem lántaki eigi rétt á úr hendi lánveitanda. Ekki er hægt að finna þessu stað í texta frumvarpsins sjálfs, hvorki beint né óbeint, en gera verður kröfu til þess að slík íþyngjandi ákvæði komi skýrt fram í lögum.
  8. Gæta þarf að því að hugtakanotkun sé samræmd. Þannig er í 5. mgr. 2. gr. talað um kröfuhafa en í 7. mgr. um lánveitanda. Í





bráðabirgðaákvæðum 3. gr. er sama uppi á teningnum. Í a. (X.) er fjallað um hvað lánveitandi skuli gera en í c. (XII.) um kröfuhafa Réttara er að nota hugtakið kröfuhafi þar sem eigandi kröfunnar kann að vera annar aðili en lánveitandinn.

#### IV. Niðurlag

Seðlabankinn telur mikilvægt að eyða eins og kostur er óvissu sem enn ríkir um uppgjör lánasamninga með gengistryggingarákvæðum sem talin eru óskuldbindandi. Að því leyti horfir efni frumvarpsins mjög til bóta og styður bankinn framgang þess, þótt hægt sé að gera á því ýmsar lagfæringar. Á hinn bóginn telur bankinn að í framhaldinu þurfi að móta skynsamlega löggjöf um vexti og verðtryggingu með hliðsjón af þeirri umgjörð þjóðhagsvarúðar sem mótuð verður á næstu misserum, m.a. þegar lög um Seðlabanka Íslands og opinbert eftirlit með fjármálakerfmu verða tekin til endurskoðunar. Við þá endurskoðun kæmi til álita að takmarka verulega möguleika einstaklinga til að taka gjaldeyrislán eða gengistryggð lán, að beita reglum þjóðhagsvarúðar eða gera hvort tveggja.

Virðingarfyllst,  
SEÐLABANKI ÍSLANDS

  
Már Guðmundsson  
seðlabankastjóri

  
Arnór Sighvatsson  
aðstoðarseðlabankastjóri